

Nd.

400. Frumvarp til laga

[197. mál]

um Ljósmeðraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Ríkið rekur ljósmeðraskóla í sambandi við Landspítalann í Reykjavík, og skal hann veita nemendum sínum menntun til þess að gegna ljósmóðurstörfum á Íslandi.

2. gr.

Skólinn heitir Ljósmeðraskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna gegnir skólanefndarstörfum fyrir skólann.

3. gr.

Námstími ljósmeðraskólans er 2 ár. Yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans er skólastjóri og yfirljósmóðir aðalkennari ásamt skólastjóra. Heimilt er að ráða að skólanum aukakennara eftir ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Nemendur ljósmeðraskólans fá kaup, sem ráðherra ákveður að fengnum tilögum skólastjóra og skólanefndar. Landspítalinn selur nemendum fæði við kostnaðarverði.

5. gr.

Í reglugerð skulu vera ákvæði um árlegan starfstíma skólans, tölu nemenda, inngönguskilyrði, námsefni og kennslutilhögun, próf og vitnisburði, réttindi og skyldur nemenda og laun kennara.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1964. Jafnframt falla úr gildi lög um ljósmeðra- og hjúkrunarskóla Íslands, nr. 13 23. júní 1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landlæknir hefur samið frumvarp þetta og gerir fyrir því eftirfarandi grein: Aðalbreytingin, sem frumvarpið felur í sér frá gildandi lögum, er að Ljósmeðraskólinn verður tveggja ára skóli í stað eins nú. Námstími ljósmeðra hefur mjög lengi verið óbreyttur hér á landi, og þó að íslenzkar ljósmeður hafi yfirleitt reynt vel dugandi í starfi, þykir eins árs nám ekki lengur nægilegt til að veita undirbúningsmenntun í samræmi við kröfur um nútíma heilbrigðisþjónustu. Á það má benda, að þar sem langt er til læknis, getur reynt mjög á þekkingu og færni ljósmeðra, en auk þess eru ljósmeðrum utan kaupstaða iðulega falin hjúkrunarstörf, bæði á heimilum og við sjúkrahúsi, þar eð ekki er vöð á hjúkrunarkonum. Er ekki líklegt, að á þessu verði breyting í náinni framtíð. Vel menntaðar ljósmeður geta því bætt mjög úr hjúkrunarkvennaskorti í dreifbýlinu. Þess má geta, að í nágrannalöndunum er ljósmeðranám yfirleitt tvö ár, en nýlega hefur það verið lengt í þrjú ár í Danmörku og Frakklandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi lög um ljósmeðraskóla.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að skólinn starfi undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðherra, en stjórnarnefnd ríkisspítalanna gegni skólanefndarstörfum, og er það að efni til óbreytt.

Um 3. gr.

Hér eru fólgnar aðalbreytingar þær, er frumvarpið felur í sér frá gildandi lögum, sbr. athugasemdir hér að framan. Útgjöld, er því yrðu samfara, að skólinn yrði tveggja ára skóli í stað eins, hafa verið áætluð af skrifstofu ríkisspítalanna, og er sú áætlun prentuð hér á eftir.

Að öðru leyti sýnist greinin ekki þarfnast skýringa.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að nemar ljósmæðraskólans fái laun og er þetta í samræmi við það, er gildir um hjúkrunarnema, enda þykir nauðsynlegt að sams konar reglur gildi að þessu leyti um nemendur beggja skólanna. Er þetta breyting frá því, sem nú er, en samkvæmt núgildandi lögum fá nemar ljósmæðraskólans styrk úr ríkissjóði, allt að fæðiskostnaði þeirra svo og ókeypis húsnæði með ljósi og hita, vinnuföt og þjónustu. Skylda til að þjóna ljósmóðurumdæmi að loknu prófi að viðlagðri endurgreiðslu styrksins er niður felld, enda mun því ákvæði ekki hafa verið framfylgt hin síðari ár.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal I.

### SKRIFSTOFA RÍKISSPÍTLANNA

Reykjavík, 26. febrúar 1964.

Hér með að nýju endurskoðuð áætlun um breytingar á kostnaði í rekstri Ljósmæðraskóla Íslands og Fæðingardeildar Landspítalans, miðað við, að Ljósmæðraskólinn verði gerður að tveggja ára skóla í stað eins árs skóla, sem nú gildir.

#### 1. Ljósmæðraskóli Íslands.

Samkvæmt meðfylgjandi áætlun eru gjöldin áætluð kr. 723 660.00, tekjur kr. 141 450.00 og rekstrarhalli kr. 582 210.00.

Áætlað er að 10 nemar hefji nám í skólanum hvert skólaár. Laun til nema eru áætluð 35% af launum ljósmæðra með árs hækkun, sem er í samræmi við laun til hjúkrunarnema.

Fæðiskostnaður er reiknaður á kostnaðarverði Landspítalans, en selt fæði til nema á hinu opinbera matsverði á fæði til starfsfólks.

**Fjárförð 1964.** Starfi skólinn eftir gömlu lögunum fram til 30. sept. 1964 og samkvæmt nýju lögunum frá 1. okt. 1964, verður rekstrarhalli skólans árið 1964 alls kr. 415 400.00. Fjárveiting til skólans í fjárlögum 1964 er kr. 360 600.00.

#### 2. Fæðingardeild Landspítalans.

Við stækkun Ljósmæðraskólans er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum í rekstri Fæðingardeildar:

**Fyrsta heila starfsár skólans**, 1. október 1964 til 30. september 1965, verður að fjölga um 1 ljósmóður vegna breytinga á námstilhögun ljósmæðranema frá því sem verið hefur. **Kostnaður á ári áætlaður kr. 92 760.00.**

**Annað starfsár**, 1. október 1965 til 30. september 1966, sem tveggja ára skóla, verða tveir nemahópar í skólanum. Gert er ráð fyrir, að Fæðingardeildin borgi laun til nema á seinna námsári, sem eru áætluð kr. 463 800.00. Laun nema síðara námsár eru áætluð 50% af launum ljósmæðra með árs hækkun, sem er í samræmi við kjör hjúkrunarnema. Hins vegar má fækka aftur um þá ljósmóður, sem bætt var við fyrsta starfsár skólans og auk þess fækka um 2 ljósmæður miðað við núverandi fjölda þeirra. Hækkun á launakostnaði verður því kr. 463 800.00 að frádregnum laun-

um tveggja ljósmæðra kr. 185 520.00 eða kr. 278 280.00. Gera má ráð fyrir hækkun á fæði kr. 68 550.00 (þ. e. 210 000 ÷ 141 450) og öðrum kostnaðarliðum kr. 50 000.00. Þá má áætla innborgun fyrir húsnæði ljósmæðranema kr. 12 000.00 eða hækkun alls á rekstrarkostnaði deildarinnar kr. 384 830.00 (þ. e. 278 280 + 68 550 + 50 000.00 ÷ 12 000).

#### Kostnaðaraukning 1964.

Miðað við að skólinn starfi samkvæmt nýju lögunum frá 1. október 1964, verður Fæðingardeildin að borga laun 1 ljósmóður frá 1. október til 31. desember, sem nema kr. 23 190.00.

Virðingarfyllst,  
Georg Lúðvíksson.

#### Fylgiskjal II.

#### LJÓSMÆÐRASKÓLI ÍSLANDS

Áætlun um gjöld og tekjur heilt skólaár, miðað við þá breytingu, að skólinn verði 2 ára skóli og Fæðingardeildin borgi laun ljósmæðranna síðara námsárið.

##### I. Gjöld:

1. Laun .....	kr. 453 660.00
2. Fæðiskostnaður (350 × 60) .....	— 210 000.00
3. Skólabækur og tímarit .....	— 20 000.00
4. Ýmis gjöld .....	— 40 000.00
	kr. 723 660.00
	Samtals kr. 723 660.00

##### II. Tekjur:

1. Selt fæði (115 mán × 1 230.00) .....	kr. 141 450.00
Rekstrarhalli .....	— 582 210.00
	Samtals kr. 723 660.00

##### Sundurliðun á launakostnaði:

1 forstöðumaður og aðalkennari .....	kr. 36 000.00
1 kennari, yfirljósmóðir Fæðingardeildar .....	— 18 000.00
Stundakennsla lækna og sérfræðinga .....	— 50 000.00
Laun 10 nema (10 × 32.466.00) .....	— 324 660.00
Skrifstofukostnaður .....	— 25 000.00
	Samtals kr. 453 660.00

#### Kostnaður 1964.

Sé gert ráð fyrir, að skólinn starfi eftir gömlu lögunum til 30. sept. 1964, en samkvæmt nýju lögunum frá 1. okt., verður fjárþörf hans árið 1964 alls kr. 415 400.00. Fjárveiting til skólans í fjárlögunum 1964 er kr. 360 600.00.